

1014. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir stjórnarfunda nr. 1012 og nr. 1013 yfirfarnar.
Samþykktar og undirritaðar.

2. Framboð til stjórnar VR

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Frá kjörstjórn*“ dags. 14.01 2009 sem er listi um þau framboð sem bárust kjörstjórn til trúnaðarstarfa í VR fyrir auglýstan framboðsfrest sem var kl. 12:00 á hádegi, 12 janúar 2009. Öll framboðin uppfylla skilyrði 20. gr. laga VR. 3 bjóða sig fram til formanns, 23 í stjórn og 86 framboð bárust um sæti í trúnaðarráði. Þannig er ljóst að umframeftirspurn er eftir öllum lausum sætum og því verður kosið beint eftir því sem menn bjóða sig fram til. Um þetta eru fastar og ákveðnar reglur og mun formaður kjörstjórnar, Halldór Grönvold, stýra kosningunum.

3. Fjárhagsáætlun fyrir 2009

Gunnar Páll lagði fram, og fór yfir, skjalið „*Áætlun/rauntölur 2008*“. Í samskonar drögum að fjárhagsáætlun, sem lögð voru fram í desember s.l., var gert ráð fyrir 12% samdrætti í rekstrartekjum en nú er það áætlað 11%. Um rekstargjöldin er það aðallega að segja að 14% hækkun útbreiðslu- og félagsmálakostnaðar er vegna kosninganna og svo 20 milljón króna framlags í aðstoð við atvinnulausa. Við rennum nokkuð blint í sjóinn með úttektir úr varasjóði en þar er áætluð 25% aukning en alls er áætluð 9% hækkun rekstrargjalda. Hagnaður fyrir fjármagnsliði er áætlaður í mínus 231.5 milljónir kr. en áætlaðar fjármunatekjur 320.7 milljónir kr., með áætlaðri 6% ávöxtun, ættu að skila félaginu í plús.

Ljóst er að mikil óvissa er um áætlunina í þetta sinn en Gunnar Páll leggur til að við afgreiðum hana svona.

Samþykkt með athugasemd um hagnað af sölu eigna, þar sem virðist vanta hagnað af sölu orlofshúsa.

4. Aðstoð við atvinnulausa

Undir þessum dagskrárliði lagði Gunnar Páll fram skjölin „*Hlutverkasetur*“ og „*Námskeið hjá hlutverkasetri*“. Vonir standa til að HR opni sitt athvarf fyrir atvinnulausa 26. jan. n.k. Margir aðilar hafa haft samband við VR að undanförunu til að bjóða fram ýmis úrræði fyrir atvinnulausa, m.a. „Hlutverkasetur“ en þau eru með húsnæði á Laugavegi og bjóða margt

á hugavert en hjá þeim starfa iðjupjálfar með sérþekkingu í að virkja fólk. Gunnar Páll og Jóhanna E. lögðu til að við myndum gera samning um samvinnu við þau en enn er ekki komið verð. Væri sniðugt að setja þetta, auk námsráðgjafar hjá Mími, líkamsræktarkorts og úrræða HR í einn aðgerðapakka fyrir atvinnulausa sem væri kynntur í næstu viku – jafnvel mætti hafa blaðamannafund þessu til kynningar. Jóhanna E. sagði að þau hefðu mikinn áhuga á að setja upp sérstaka áætlun fyrir hvern og einn í því augnarmiði að fólk lokist ekki af.

5. Málefnaþópar um siðferði og stjórnarsetu

Gunnar Páll sagði að nú kæmum við þessari vinnu af stað og mun Jóhanna E. vera starfsmaður fyrir málefnaþópana. Gott væri að fá 3 stjórnarmenn í þessa vinnu og óskaði Gunnar Páll eftir sjálfboðaliðum. Rannveig, Valur, Gunnar B. og Lykke buðu sig fram til starfa.

6. Álag á skrifstofu

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Álag á skrifstofu VR“ þar sem sjá má á línuriti að gríðarleg fjölgun hefur orðið á málum hjá Kjarasviði VR á síðustu misserum en fjölgun mála milli ára er 38%. Nálægt 300 mál eru opin hjá sviðinu og sem dæmi komu inn 80 mál í janúar og óttast menn að 300 mál gætu dottið inn hjá fyrirtæki sem nú er valt í sessi. Hjá Þjónustusviði eru símtöl nú 320 á dag að meðaltali og fjöldi heimsóknna til þjónustufulltrúa á skrifstofu 63 að meðaltali daglega og er það 26% fjölgun milli ára. Fyrirspurnum á netfangið vr@vr.is hefur einnig fjölgað mjög mikið og þarf nú að svara 41 fyrirspurn að meðaltali á hverjum degi og er nánast orðið fullt starf bara við þá afgreiðslu. Umræður urðu um þetta aukna álag.

7. Endurnýjun kjarasamninga

Gunnar Páll ræddi endurskoðun nokkurra kjarasamninga og endurnýjun 3 kjarasamninga hjá Flugfélagi Íslands, Álverinu í Straumsvík og Elkem. Þarna var samið um sömu hækkunir og í almennu samningunum plús 2,5% - 2,8% hækkunir um áramót og eingreiðslu 25 þús. kr. Einnig er verið að ræða við SA um endurskoðun aðalkjarasamnings og þar heyrast sterkar raddir sem vilja hreinlega segja upp samningnum en samkvæmt honum átti að koma 3,5% hækkun 1. mars n.k. og kr. 13.500.- ofan á lægstu taxtalaun.

Niðurstaðan er sú að Gunnar Páll fær umboð til að ræða áfram við vinnuveitendur á þeim nótum að reyna að framlengja samningum.

8. Lagabreytingar

Gunnar Páll lagði fram útprentaðan tölvupóst, dags. 12. janúar 2009, „*Tillaga til lagabreytinga*“ frá Halldóri Halldórssyni, kt 181252-3759. Gerir Halldór það að tillögu sinni fyrir næsta aðalfund að 26. gr. laga VR verði breytt á þann hátt að staflíður c) orðist : „Á banka- eða sparisjóðareikningum“, og jafnframt að staflíður e) falli brott.

Gunnar Páll taldi að jafnvel væri von á fleiri tillögum um lagabreytingar.

9. Styrkir

Gunnar Páll lagði fram útprentaðan tölvupóst, dags. 12. janúar 2009, „*Opinn borgarafundur – styrkbeiðni*“ frá Guðrúnu Indriðadóttur. Óskað er eftir styrk

að upphæð kr. 300 þús. vegna leigu á Háskólabíó undir borgarafundi.
Samþykkt.

10. Trúnaðarmenn

a	Pórunn Viðarsdóttir	Kraftvélar ehf	Nýr
b	Magnús Þorsteinsson	Íslandsspil	Endurkjör
c	Hafdís Björgvinsdóttir	Heimsferðir	Nýr
d	Þórhalla Sigurgeirsdóttir	Epal hf	Endurkjör
e	Jóhann Óskar Þórólfsson	Byko - Reyðarfirði	Endurkjör
f	Ragna Elíza Kvaran	Þekking	Nýr
g	Lára Benediktsdóttir	Ásbjörn Ólafsson ehf	Endurkjör
h	Gunnar Már Magnússon	Byko - Kauptúni	Nýr
i	Adolf Gunnar Vilhelmsson	Byko - Kauptúni	Nýr
j	Ingólfur Kristmundsson	Olíuverslun Íslands hf	Endurkjör
k	Birna Bragadótti	Byko - Fiskislóð	Nýr
l	Alexandra M. Stegemann	Terra Nova	Nýr

Samþykkt.